

## AUGLÝSING

### um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

#### 2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtalið grænmeti, ferskt eða frosið:

- Kryddjurtir sem falla undir tollflokka nr. 0709.9009, 0710.8009, 1211.9001, 1211.9002 og 1211.9009
- Baunir sem falla undir tollflokk nr. 0708
- Lauf, svo sem bananalauf og bambuslauf sem fellur undir tollflokka nr. 1401.1000 og 1401.9000
- Rætur sem falla undir tollflokka nr. 0706.9009, 1211.9001 og 1212.9009
- Asparagus sem fellur undir tollflokk nr. 0709.2000 og 0710.8009

Þrátt fyrir ofangreint skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá faggiltri rannsóknastofu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki *Salmonella* og örveruástand hennar sé að öðru leyti ásætlanlegt.

#### 4. gr.

Ef matvæli sem talin eru upp í 3. gr. eru á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknvottorð frá faggiltri rannsóknastofu um að hún innihaldi ekki *Salmonella* og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásætlanlegt.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu matvælin tekin af markaði.

#### 5. gr.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar skv. III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 29. og 30. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 með síðari breytingum sbr. og VIII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi síðar en að fjórum mánuðum liðnum frá gildistöku auglýsingar þessarar.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um tíma-bundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunið í Taílandi, nr. 556/2006.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. mars 2007.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2007